

Oft er flagð undir fögru skinni
Rökfærsluritgerð

Hverjum er illa við fegurð? Fagurt umhverfi, fagurt mannlíf og fagurt fólk gefur lífinu gildi. Á hverju ári keppir hópur ungra stúlkna um hver þeirra er fegurst og þannig hefur það verið í árafjöld. Nú til dags verða þó þær raddir háværi sem fordæma slíkar keppnir og segja þær ekki boðlegar. En hvers vegna er amast við því að ungar stúlkur keppi sín á milli í fegurð? Hverjar eru skuggahliðar fegurðarinnar? Er ástæða til að leggja niður fegurðarsamkeppnir?

Árlega tekur ungt fólk þátt í keppni um fegurð. Þetta á ekki síst við um ungar stúlkur. Þetta hefur ekki þótt tiltökumál í áraraðir en nú virðist annað hljóð vera komið í strokkinn í íslensku samfélagi. Hvaða kostir og gallar skyldu fylgja slíkri samkeppni? Þátttakendunum sjálfum verður gjarnan tíðrætt um að þeir hafi eignast marga góða vini í keppninni. Margir hafa dregið þessar fullyrðingar í efa á þeirri forsendu að samkeppnisumhverfi sé ekki til þess fallið að bindast vináttuböndum. Auðvitað er málið samt ekki svona einfalt. Menn eru misjafnir að upplagi og bregðast þ.a.l. með ólíkum hætti við samkeppninni. Það kann að vera að sumir fyllist öfund og afbrýðisemi í garð þeirra sem vel gengur á meðan aðrir samgleðjast vinum sínum. Það er engu að síður hæpið að álykta sem svo að þátttakan styrki vináttuböndin.

Fegurðarsamkeppnum hefur jafnframt verið hampað fyrir að gera þátttakendur meðvitaða um mikilvægi heilbrigðs lífennis. Lögð er áhersla á að stúlkurnar stundi líkamsrækt, læri snyrtingu og hvernig koma eigi fram. Allt eru þetta mannþætandi atriði. Er niðurstaðan hins vegar sú að eftir standi heilbrigðar sálir í hraustum líkama? Það er ekki víst enda er mikil áhersla lögð á að stúlkurnar grenni sig óhóflega og átröskunarsjúkdómar geta fylgt í kjölfarið á stífri megrun. Stúlkurnar eru auk þess skuldbundnar til þess að viðhalda útliti sínu í tiltekinn tíma, mega ekki klippa sig, lita hárið eða safna vöðvamassa svo að eitthvað sé nefnt. Ekki er heldur alltaf um náttúrulega fegurð stúlkna að ræða þar sem ekki er bannað að hafa gengist undir lýtaaðgerðir, s.s. brjóstastækkun, fyrir þátttöku. Það er ljóst að þessi ofuráhersla á útlitið ýtir undir útlitsdýrkun sem seint verður sagt að bæti manninn.

Eðli málsins samkvæmt er áhersla á útlit eins og þegar hefur komið fram. Hvernig er sú fegurð? Fyrst og fremst er sjónum beint að mjög staðlaðri

fegurð. Stúlkurnar líta allar eins út; eru hávaxnar, grannar, síðhærðar og gjarnan ljóshærðar og bláeygar. Eru lágvaxnar, dökkhærðar og dökkeygar konur þá ekki fallegar? Þessa staðlaða kvenímynd ýtir undir slæma sjálfsmynd þeirra barna og unglunga sem ekki uppfylla hana. Ekki er öll fegurð í andliti fólgin og oft leynist flagð undir fögru skinni. Vert að velta því fyrir sér hvort skipti meira máli fyrir okkur útlit eða andlegt atgervi þegar til lengri tíma er litið. Loks er ekki heldur hægt að líta fram hjá því að áhrifa klámiðnaðarins gætir í þessum keppnum. Enginn „venjuleg“ kona gengur um á bikinisundfötum og hælahaum skóm. Viljum við efla ítök klámiðnaðarins á óhörðnuð börn og unglunga? Fæstir foreldrar myndu svara þeirri spurningu játandi.

Sterk rök hníga að því að banna eigi fegurðarsamkeppnir. Ástæður þess eru ekki síst þær að keppni í fegurð ýtir undir útlitsdýrkun og horfir fram hjá því að ekki er öll fegurð í andliti fólgin. Þær ýta undir að stúlkur grípi til ýmissa ráða til að auka „fegurð“ sína sem geta verið skaðlegar heilsu þeirra s.s. brjóstastækkun eða megrun sem getur haft í för með sér átröskun fari hún úr böndunum. Jafnframt má spyrja sig hvort samkeppnisumhverfi sé til þess fallið að treysta vináttubönd þátttakendanna, sem þó er oft talið fegurðar-samkeppnum til tekna. Þrátt fyrir að skynsamlegar ábendingar andstæðinga fegurðarsamkeppna um slæm áhrif keppna af þessum toga, má reikna með að menn muni eitthvað lengur skiptast í tvö horn þegar kemur að þessu málefni. Slíkar samkeppnir eiga sterk ítök í þjóðarsálinni og því ekki auðveldar að uppræta.